
Grunnskólinn á Þingeyri



Ársskýrsla 2023-24

Ábyrgð-virðing-samheldni-GLEÐI



Erna Höskuldsdóttir

28.6.2024

Efnisyfirlit

Formáli	2
Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	4
Helstu markmið ársins.....	10
Starfsmarkmið skólans	10
Innra mat.....	12
Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins	12
Samantekt um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins.....	16
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	17
Forföll nemenda	17
Forföll kennara	18
Kennslustundamagn.....	18
Upplýsingar um keypta þjónustu	18
Upplýsingar um sjálfsmat	18
Nám og kennsla	19
Gæðagreinar.....	19
Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2023-2024.....	20
Gæðagreinar	22
Leiðsagnarnám.....	24
Skýrsla námsráðgjafa	25
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir	27
Upplýsingar um stórar fjárfestingar	29
Fjárhagsáætlun.....	29

Formáli

Grunnskólinn á Þingeyri hefur verið starfræktur frá 1897. Nú til dags er gefin út ársskýrsla um skólastarfið. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðslunefndar og kynnt í skólaráði að hausti. Skýrslan birtist einnig á heimasíðu G.P. www.grthing.isafjordur.is. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskólanum á Þingeyri, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Skýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í starfið og gera hana líflegri.

Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skýrslunnar.

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2023 – 2024. Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Einnig má finna ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni.

Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar en staða áætlunar er birt aftast í skýrslunni þ.e. hreyfing, áætlun og staða.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Grunnskólanum á Þingeyri og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar nýjar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Til þess að faglegt starf fari fram þarf að ígrunda nám og kennslu, meðal þess sem við gerum til að meta fagmennsku spyrjum við okkur spurninga um hversu góður skólinn okkar er. Við innra mat notum við Gæðagreina, Skólapúlsinn og viðtöl. Heilt yfir eru styrkleikar skólans þeir að þar vinna fagmenn, samskipti einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti og foreldrar eru í góðu sambandi við skólann. Tækifæri til umbóta koma fram í umbótaáætlun sem unnin verður úr niðurstöðum í haust og kynnt í skólaráði og birtist á heimasíðu skólans. Niðurstöðum úr mats vinnunni eru gerð skil í skýrslunni.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanní Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólahald í húsinu. Í upphafi voru það foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólahaldinu. Skólinn er 127 ára gamall.

Í upphafi þessa skólaárs voru nemendur skólans 42. Þegar skólaárinu lauk voru nemendur 44. Telst skólinn til fámennra skóla. Þrír nemendur útskrifuðust úr 10. bekk í vor. Nemendafjöldi

spá segir okkur að nemendum eigi eftir að fækka töluvert á næstu árum miðað við fjölda barna á leikskólanum.

Grunnskólinn á Þingeyri leggur sig fram um að hafa gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Jákvæð umræða um skólastarf hvort sem það er heima hjá nemendum eða í skólanum er mikilvæg. Velgengni nemenda er markmið okkar allra ásamt því að nemendum líði vel í skólanum. Með góðu samstarfi nemenda, foreldra og starfsfólks skólans ýtum við undir velgengni nemenda okkar og vellíðan. Þannig leggjum við grunn og komumst nær markmiðum okkar sem grunnskóli.

Hornsteinar skólastarfsins eru : **Ábyrgð - virðing- samheldni- gleði**

Hornsteinarnir vísa til þess :

- Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningar sem allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir.
- Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hópi og skipta máli.

Erna Höskuldsdóttir
Skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2023-2024 var markmiðið að leggja áherslu á bekkjarbrag og vellíðan. Stefnt var að því að vinna með nemendum og líðan þeirra til að bæta bekkjarbrag og efla sjálfsmynd þannig að hver og einn gæti eft sig og valið sjálfur sína hegðun.


Eins og á síðasta ári settum við okkur markmið um að nýta meira upplýsingatækni með samþættingu við aðrar námsgreinar. Kennarar voru hvattir til að nýta, læra og gera tilraunir með þau verkfæri sem buðust til náms og kennslu. Úr starfsáætlun skólaársins: „Haldið verður áfram að nota fjölbreytta kennsluhætti í skólastarfinu á öllum skólastigum þar sem spjaldtölvur eru m.a. nýttar sem kennslutæki. Horft verður til starfa framtíðar og áhersla lögð á sköpun og framsýni. Veruleikinn er tengdur alheimsnetinu og kenna þarf nemendum að nýta hann til þekkingaröflunar“.

Markmiðið var að halda áfram að hrista upp í viðmiðum og gildum Uppbyggingarstefnunnar samkvæmt starfsáætlun. Starfsfólk og nemendur áttu að vinna með þarfir sínar og jákvæða uppbyggingu til að verða betri útgáfur af sjálfum sér. Öll stig gerðu bekkjarsáttmála í haust og halda átti reglulega bekkjarfundi í hverjum námshóp sem umsjónarkennarar bera ábyrgð á. Vinnan þarf að vera sýnilegri í skólanum og skipuleggja þarf námsvísi fyrir öll stig, sú vinna er að komast af stað og heldur hún áfram og þróast í takt við skólastarfið. Góð gildi hjálpa til við að láta okkur líða vel og finna hvernig manneskjur við viljum vera. Að þekkja hlutverk hvers og eins er mikilvægur þáttur fyrir alla sem að skólastarfinu koma, nemendur, foreldra og starfsfólk.

Hvað gerir góðan skóla góðan? Atriðin sem nemendur töldu þurfa að vera til staðar í góðum skóla flokkuð í hlutverk (nemendur á elsta stigi unnu með skólastjóra):

HVAÐ GERIR GÓÐAN SKÓLA?

Hlutverk þeirra sem koma að skólastarfinu:



Unnið af nemendum á elsta stigi í október 2022

Niðurstöður nemenda, haft til hliðsjónar í markmiða setningu og starfi skólans.

Skólinn var settur 21. ágúst. Nemendur mættu í viðtöl hvert og eitt með foreldrum sínum til umsjónarkennara á skólasetningardegi. Í september var nemendum á miðstigi boðið að taka þátt í Krakkaveldis smiðju á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Þátttakendur í smiðjunni voru nemendur á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Útkoma smiðjunnar var til sýnis á Hrafnseyri þar sem almenningi var boðið að stíga inni í draumaheim barnanna þar sem þau reyndu að svara spurningunni: Hvernig væri heimurinn ef börnin réðu öllu?

Nemendur á elsta stigi fóru í Nord Plus Junior ferð til Litháen. Sú ferð tókst einstaklega vel og það sem gerði hana einstaka er að við fengum að ferðast á heimslóðir 3 nemenda úr skólanum sem eru frá Litháen. Tveir þeirra voru þátttakendur í ferðinni. Erna og Sonja umsjónarmaður verkefnisins fóru með nemendum í þessa ferð. Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð, nemendur lærðu mikið ásamt því að þeir tóku þátt í skapandi verkefnum með nemendum frá Lettlandi og Litháen. Í september er einnig áralöng hefð fyrir gönguviku. Farið var á fjöll að þessu sinni. Nær allir nemendur á elsta stigi afrekuðu að klífa hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbak. Samkvæmt skipulagi átti að ganga dali á þessu ári. Skólahlaupið eða Ólympíuhlaupið eins og það er nefnt í dag var 29. september í ágætis hlaupaveðri. Nemendur stóðu sig mjög vel í hlaupinu ásamt elstu tveimur hópunum á Heilsuleikskólanum Laufás. Nemendur höfðu um þrjár vegalengdir að velja 2,5 km., 5 km. og 10 km. Margir nemendur stóðust markmið sín og bættu tíma sína verulega. Nemendur G.P. skelltu sér svo aðeins í sundlaugina og heita pottinn eftir hlaupið.



Ólympíuhlaup G.P. og Laufás



Elstu nemendurnir á toppi Kaldbaks-haust 2023

Upphaf skólaársins einkenndist af fjölda verkefna eins og undanfarin ár. Elsta stig fór á Íþróttahátíðina í Bolungarvík, þar var mikið fjör og þökkum við fyrir okkur, skipulag hátíðarinnar var til fyrirmyndar þar sem kappkostað var að hver og einn fengi tækifæri til að vera með.

Fimm ára börnin á Laufási komu í skipulagðar skólaheimsóknir í hverjum mánuði yfir skólaárið. Í skólahóp á Laufási eru nú 3 börn. Skipulag þeirra heimsókna köllum við „Brúum bilið“. Skólaheimsóknir eru minnst vikulegar yfir skólaárið þar sem skólahópur tekur þátt í tómstund með yngsta stigi. Um skipulag í tómstund sjá starfsmaður í G.þ. og starfsmaður í leikskólanum sameiginlega.

Á baráttudegi gegn einelti komu allir nemendur á sal og við ræddum um það hvað einelti er, hvernig manneskjur við vildum vera og jukum samheldni með því að skrifa undir sáttmála gegn einelti. Að þessu sinni bjó hver og einn nemandi til dúsk sem var hengdur upp í óróa til að minna okkur á hvað við erum falleg og góð saman. Þorgrímur Þráinsson kom og hitti nemendur á miðstigi í október. Hann kveikti hjá nemendum áhuga á rithöfundastarfinu og gaf nemendum ráð um uppbyggingu á sögum. Í kjölfarið kviknaði mikill áhugi nokkurra nemenda á að skrifa.

Þemadagar hófust 13. nóvember en hefð hefur verið í nokkur ár fyrir því að halda uppskeruhátíð þemadaga á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert. Yfirskrift þemadaganna var „Jafnrétti“. Ýmis verkefni voru unnin á þemadögum m.a. varð jafnréttislundur í skóginum ekki lengur bara leynistaður nemenda á yngsta stigi heldur lundur þar sem við sýnum hvert öðru: virðingu, umhyggju, kurteisi, góðvild og jákvæðni. Boðið var á opið í hús í skólanum á uppskeruhátíðinni og formlegt lestrarátak hófst. Átakið fól í sér að hvetja nemendur til að lesa meira. Afrakstur átaksins var einstaklega fallegt lestrartré á bókasafni skólans.

1. desember á degi íslenskrar tónlistar sungum við saman „á sal“ lagið „Það vantar spýtur og það vantar sög“ með skemmtilegu tónlistarmönnunum frá Suðureyri.



Dagur gegn einelti; við erum falleg og góð saman



Jafnréttislundur-stund á þemadögum í skóginum

Jólafundur Foreldrafélags G.Þ. vara haldið í lok nóvember. Föndrið var vel sótt og þessi huggulega stund vonandi aftur komin til að vera (ein af hefðum skólans sem dattu upp fyrir í C-19). Stjórn félagsins er orðin virk, félagsgjöld verið rukkuð og kraftur í samvinnu við foreldra. Rauðadags huggulegheit fóru fram 15. desember. Margir foreldrar, ömmur og afar kíktu við og nemendur sungu, áhugasviðs sýning var sett upp á bókasafninu og boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og sírópslengjur sem nemendur bökuðu á skreytingar-deginum sem var haldinn í byrjun desember. Börnunum á Laufási var líka boðið og það var mikið fjör. Áhugasvið skiptir flesta nemendur skólans mjög miklu máli: "Það er gaman í áhugasviði, við erum að læra og hafa gaman á sama tíma, það mættu vera fleiri tímar, meira frelsi og aðrir nefndu að það þyrfti ekki að breyta því neitt" (orð nemenda um áhugasvið).

Haldið var í jólafrí eftir dásamlega stund á litlu jólunum þann 19. desember.



Til að efla þrautseigju og samkennd spilum við félagsvist

Nemendaráð var mjög virkt í vetur og sá um marga viðburði. Hrekkjavökuballið var einstaklega metnaðarfullt þar sem nemendaráð útbjó draugahús. Einnig sá nemendaráðið um að halda jólaball, spiladag, bleikan dag og bláan. Þorrablótið var einstaklega skemmtilegt og klárlega mikill metnaður í ráðinu. Nemendur skelltu í mjög metnaðarfullt myndband sem starfsfólk og yngri nemendur höfðu mikið gaman af. Á öskudaginn var kötturinn sleginn úr tunnunni og margt fleira. Þökkum við fráfarandi ráði fyrir sín störf í vetur.

Mörgum verkefnum var sinnt í mars mánuði. Var þar stærst árshátíð G.Þ.

Að þessu sinni var "stór" árshátíð þar sem námshóparnir þrír settu upp leiksýninguna *Litla hafmeyjan*. Á fyrri sýningu komu börnin á Laufási fram og sungu. Mikil samvinna allra átti sér stað við undirbúning sýningarinnar. Nemendur sáust um allan skóla niðursokknir við undirbúning og æfingar; dans, söng, leik og fleira. Flestir tóku þessum verkefnum frá hefðbundnu skólastarfi fagnandi. Það var mikil hátíð í bæ á sjálfan árshátíðardaginn og sýningar vel sóttar. Þess má geta að í fyrsta skiptið í árshátíðar undirbúningi var ákveðið að fresta árshátíð frá 21. mars til 5. apríl vegna veikinda bæði nemenda, og starfsfólks (fram yfir páskaeyfi).



Árshátíð G.Þ. haldin í Félagsheimilinu Litla hafmeyjan

Stóra upplestrarkeppnin fór fram í byrjun mars. Keppnin hófst á undankeppni sem fór fram að þessu sinni í G.Ö. Keppnin er árviss viðburður í skólanum. Þá sýna nemendur í 7. bekk afrakstur æfinga sem formlega byrja á Degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. Þeir hafa æft upplestur á alls kyns textum bæði í bundnu og óbundnu máli.

Ákveðið hefur verið að skipta aðalkeppninni (stóru) á milli skólanna allra. Á þessu ári héldum við keppnina og fór hún fram í Félagsheimilinu á Þingeyri. Formaður fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar setti keppnina. Við fylltum félagsheimilið af fólki sem mætti til að hlýða á nemendur lesa. Stundin var hátíðleg og sá ferðasjóður nemenda í G.Þ. um veitingar. Dómarar voru Sigmundur Þórðarson, Elfar Logi Hannesson og Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Sundnámskeið fyrir skólahóp á Laufási var haldið í mars, fengu börnin 8 tíma í sundi til að undirbúa sig fyrir áframhaldandi sundnám næsta vetur. Námskeiðið tókst mjög vel (Brúum bilið).

Í apríl skelltum við okkur í vel heppnaða skíðaferð á Skíðasvæði sveitafélagsins. Nemendur í G.Ö. skelltu sér líka á skíði og veðrið var dásamlegt og útiveran öllum þátttakendum kær. Sumir höfðu aldrei rennt sér áður á skíðum og fóru mjög sáttir með hraustlegar og rjóðar kinnar aftur í rútunni heim.

Í byrjun maí fórum við m.a. í vorgöngu með leikskólanum Laufás (liður í samstarfi leik, og grunnskóla þorpsins) og sungum fyrir fólkið á Tjörn. Elsta stig fór til Bolungarvíkur og tók þátt í skólapingi. 10. bekkur fór í skólaheimsókn eða opið hús í M.Í. með námsráðgjafa. Miðstig fór í óvissuferð á bát yfir á Gemlufall í grill og leiki. Yngsta stig fór í hjólaferð og nemendur í 9.-10. bekk unnu að lokaverkefnum tengdum nærumhverfi og leiðum til fegrunar á skólalóð. Grænidagurinn var nýttur til að hlúa að plöntum (reyta og gefa áburð) í vel grónum yrkjureit skólans, elsta stigi var skipt í hópa fyrir svæði á skólalóð til tiltektar og umhverfið snyrt. Vordagurinn fór fram á skólalóð, smíðavelli og við Tankinn. Ýmsar stöðvar voru í boði fyrir nemendur. Grunnskólinn á Bíldudal kom og snæddi með okkur í grilli sem var skipulagt af foreldrafélaginu. Vordagurinn var sannkölluð vorhátíð í góðu veðri, eldri nemendur andlitsmáluðu þau yngri og boðið var upp á candyfloss í eftirmat.

Skólanum var slitið í 127. sinn 1. júní við hátíðlega athöfn í kirkjunni. Skólasýningin var á sínum stað „á sal“ skólans og Kvenfélagið Von sá um kaffisölu í Félagsheimilinu. Markmið skólaslita er ávallt að njóta góðrar samveru og halda uppá afrek sem unnin voru á skólaárinu, bæði stór og smá.

Lýkur hér með yfirferð á helstu verkefnum vetrarins. Þau samhliða námi og kennslu glæða skólastarfið með það að markmiði að við náum að styðja við nemendur og efla lykilhæfni þeirra. Öll þessi verkefni og fleiri til vísa til hornsteina skólastarfsins: **Ábyrgð - virðing-samheldni- gleði**



Helstu markmið ársins

Starfsmarkmið skólans

Grunnskólinn á Þingeyri setti sér þrjú aðalmarkmið fyrir skólaárið 2023-2024. Þessi markmið stuðla að því að bæta enn frekar og byggja ofan á samskipti heimils og skóla, styðja nemendur, bæta líðan og nám.

Markmiðið var að menntun nemenda yrði árangursríkari og nemendur yrðu ánægðari í skólanum. Markið var sett á að efla þrautseigju og trú á eigin getu.

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti, gera nemendur:

- meðvitaðri um eigið nám
- virkari þátttakendur í sínu eigin námsferli
- betri námsmenn
- tilbúnari að glíma við viðfangsefni sem reyna á þá

Starfsmarkið úr starfsáætlun skólans:

1. **Leiðsagnarnám, innleiðing:** Þriggja ára þróunarverkefni hófst árið 2021. Kennarar fara eftir þeim ramma sem smíðaður verður og nýti sér þá þekkingu sem til verður í innleiðingunni. Markmiðið okkar á þessu skólaári er að nýta hugmyndir leiðsagnarnáms til að efla þrautseigju nemenda. Við ætlum að vinna með og efla vaxandi hugarfar, eigin reynslu og deila verkefnum. Farið verður eftir gildum Leiðsagnarnáms m.a. með formlegri leiðum en áður, en einnig að opna og loka kennslustundum, við ætlum að eiga meiri samræður við nemendur um námið, ásamt því að auka og gefa virka endurgjöf í tímum. Á skólaárinu unnum við með nemendastýrð foreldraviðtöl.
2. **Uppbyggingarstefnan:** Leiðir uppbyggingar verða t.d. bekkjarsáttmáli í hverjum námshóp, bekkjarfundir og önnur verkfæri í verkfærakistu Uppbyggingarstefnunnar. Uppbyggingin er kennd í samþættingu við aðrar námsgreinar ásamt lífsleikni. Samhliða þessari vinnu ætla allir hópar að huga að bekkjaranda. Umsjónakennarar fá nemendur til að hugsa um gildi er snúa að bekkjaranda. Mikilvægt að hlúa að nemendum og efla sjálfsálit þeirra, efla þarf jákvæðni og vaxandi hugarfar. Hver umsjónarkennari heldur bekkjarfund einu sinni í viku. Starfsfólk skólans vinni kennsluáætlun í uppbyggingu og fari eftir henni.
3. Að viðhalda þekkingu starfsfólks á Uppeldi til ábyrgðar (rifja upp og læra nýtt). Því verður fylgt eftir að starfsfólk noti hugmyndafræðina í vinnu með nemendum og ávallt verði hægt að leita sér ráðgjafar um nýtingu stefnunnar með nemendum. Allt starfsfólk

skólans er hluti af Uppbyggingarteymi skólans og finna saman leiðir til að viðhalda stefnunni og styðja.

Hvað ætlum við að gera? Hvernig? Hvenær? Hver? Eru spurningar sem nemendur þurfa að velta fyrir sér. Góður bekkjarandi er ávísun á líðan, vinnufriður eykst ásamt því að félags-, tilfinninga- og vináttufærni eru grunnurinn sem allt stendur á. Öll þessi vinna tengist Uppbyggingarstefnunni sem við vinnum eftir.

4. Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla

Eitt af mikilvægum verkefnum eftir Covid er að endurvekja og virkja samvinnu milli heimila og skóla.

- Með því að halda foreldrafund í október. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimils og skóla til þess að vinna að öflugu skólastarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimils og skóla, símleiðis eða í gegnum mentor.
- Nemendaviðtöl/foreldraviðtöl, þar sem nemendur setja sér námsmarkið, persónuleg markmið og félagsleg markmið. Farið er yfir hvort markmiðum hefur verið náð og hvernig best er að að vinna að þeim.
- Einnig verða miðlar nýttir til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra þannig að allir geti fylgst vel með starfinu innan skólans. Skólinn er með facebook síðu: *Grunnskólinn á Þingeyri*. Þar verða birta tilkynningar til foreldra en ekki er heimilt að miðla persónugreinandi upplýsingum á miðlinum. Skólinn er einnig með Instagram reikning: *grunnskolinna_thingeyri*. Auk þessa má finna upplýsingar á heimasíðu www.grthing.isafjordur.is

Tengsl skóla og umhverfis

- Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við Heilsuleikskólann Laufás t.d. með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Vera í samvinnu við Blábankann.

Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans

- Lagðar eru fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Unnið er með niðurstöður og bætt það sem þarf að bæta og styrkt það sem gott er.
- Tengslakannanir sem námsráðgjafi sinnir.

Innra mat

Skólastjóri í samstarfi við kennara setur upp áætlun um innra mat til fimm ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Sjálfsmatsáætlun er síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Hlutverk skólastjóra er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum, skólaráði og birta þær á heimasíðu.

Samkvæmt reglugerð um innra mat skóla skal meta tiltekna þætti í skólastarfinu á hverju ári þannig að allir meginþættir verði metnir á hverju fimm ára tímabili og eru þá 5-6 matsþættir teknir fyrir á hverju ári. Skólinn notar sjálfsmatskerfið Gæðagreinir en kjarni þeirrar sjálfsmatsaðferðar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum.

Á skólaárinu 2023-2024 skal samkvæmt áætlun skólans leggja mat á: Líðan og þarfir nemenda. Metið með spurningakönnunum t.d. Skólapúls, Ungt fólk, tengslakannanir í bekkjum. Nám, námsárangur, kröfur og námsmat – Metið með gæðagreini 3.1 og nemendakönnun. Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti – Metið með gæðagreini 1.4 og starfsmannaviðtölum. Starfsáætlun – er metin á hverju ári og stuðst við gæðagreina 1.3 og 2.2.

Aðbúnaður – Metinn í starfsmannaviðtölum og í nemendakönnun að vori (Skólapúlsinn).

Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins


Ágætlega tókst að vinna að markmiðum skólans yfir skólaárið. Niðurstöður og starfsmarkmið síðasta skólaárs voru höfð í huga við skipulag á námi og kennslu. Huga þurfti að stærðfræðikennslu í kjarna þar sem innlagnir áttu að verða markvissari. Auka stuðningur var við nemendur á miðstigi og elsta stigi. Kennarar og nemendur settu sér metnaðarfull markmið ásamt því að tengja innlagnir í anda leiðsagnarnáms.

Að viðhalda jákvæðum skólabrag tókst með ágætum að mati starfsfólks skólans. Niðurstöður Skólapúlsins sýna þó að við þurfum að vera á varðbergi og hlúa enn betur að andlegri líðan þar sem fleiri nemendur virðast þurfa stuðning. Samkvæmt gestum sem koma inn í skólann er andinn mjög góður og styðjumst við við orðatiltækið „Glögg er gests augað“. Skólastarfið er margbreytilegt og ekki alltaf hægt að koma til móts við þarfir allra alltaf en það er sannarlega markmið okkar ásamt því að kenna nemendum hverjar skyldur og hlutverk þeirra eru. Vellíðan í skólanum hefur aukist milli ára sem er í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Við viljum ekkert einelti í skólanum og reynum að taka á vandamálum sem upp koma í samskiptum og reynum að aðstoða nemendur og kveikja á samheldni og ábyrgðar tilfinningu hvers og eins. Við kynnum eineltisáætlun reglulega, gerum sáttmála um einelti á

degi gegn einelti sem allir skrifa undir. Við ræðum um einelti og samskipti ásamt því að hver námshópur vinnur að bekkjarsáttmála og umsjónarkennarar halda bekkjafundi. Passa þarf upp á eftirfylgni og upplýsingagjöf í vinnslu mála. Einelti er ekki það sama og samskiptavandi, mikilvægt er að aðstoða við að leysa öll vandamál svo þau þróist ekki í einelti og hrósa fyrir þá hegðun sem við viljum sjá. Muna þarf eftir því að allt sem við veitum athygli vex.


Nemendur sýna meiri vellíðan en árið á undan (sjá mynd 1 og 2). Vegna fámennis finnst nemendum þeir ekki samsama sig við aðra nemendur. Flestir líta þó á að það sé kostur og umburðarlyndi er mikið til sérþarfa. Við þurfum að halda áfram að innleiða jákvæða sálfræði, hugarró og núvitund inn í skólastarfið. Sjálfstraust og trú á eigin getu hefur aukist töluvert og þar eru áfram tækifæri til úrbóta. Nemendur eru að hreyfa sig mun minna og vert að huga að vísbendingum þar á milli.

Mynd 1) Niðurstöður skólapúls vor 2024, nemendur í 6.-10. bekk svara:



Mynd 2) Niðurstöður skólapúls vor 2024, foreldrar svara:

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl



Mynd 3) Niðurstöður skólapúls vor 2023, nemendur í 6.-10. bekk svara:

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,4	37	-1,5	4,3	18.805	-0,9*
1.2. Þrautseigja í námi	3,6	37	-0,5	4,4	18.898	-0,8*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,8	38	-0,1	4,7	19.161	-0,9*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,7	38	-0,1	4,4	19.153	-0,7*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,7	38	-0,9	4,3	18.885	-0,6*
1.6. Trú á eigin námsgetu	3,5	38	-1,1	4,8	19.102	-1,3*

Mynd 4) Niðurstöður skólapúlsins vor 2024, breytingar eru grænar sem er mjög jákvætt:

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,3	41	0,9	4,2	17.661	0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,0	43	0,4	4,4	17.780	-0,4
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	41	0,7	4,5	18.033	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,7	42	0,0	4,2	18.019	-0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,1	42	0,4	4,3	17.746	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,3	42	0,8	4,8	17.967	-0,5
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	61,9%	26 _{/42}	-	80,3%	13920 _{/17500}	-18,4%
1.8. Símanotkun á skólatíma	1,1 klst.	26	-	0,6 klst.	13.871	0,5 klst.

Varðandi skóla og bekkjaranda er mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott og að nemendur finni að það sé agi í tímum. Ætlast er til að starfsmenn haldi áfram á sömu braut í vinnu sinni með nemendum og að þeir haldi áfram að eiga samræður við nemendur og minna á mikilvægi þess að hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni hegðun. Halda þarf betur utan um agastjórnun á nemendum með hegðunarerfiðleika og sérþarfir - það lögum við m.a. með Uppbyggingarstefnunni og samtali við foreldra. Markvissir bekkjarfundir eru verkfæri sem allir umsjónarkennarar þurfa að flétta inn í vikuskipulag í öllum námshópum.

Mynd 5) skólapúls:

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	42	0,7	4,8	17.518	-0,3
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	42	0,1	4,7	17.702	0,2
3.3. Agi í tímum	5,6	42	0,8	4,7	17.681	0,9*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,8	42	0,7	4,8	17.592	1,0*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	42	0,4	4,8	17.608	0,4

Samantekt um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins

Áhersla var á fjölbreytta þætti í skólastarfinu í takt við þær breytingar og viðmið sem eru viðloðandi nútímanum, með það að markmiði að þróast í takt við framtíðina. Eins og áður sagði tókst ágætlega að vinna eftir stefnum og áætlunum. Skólinn er fámennur, hver og einn kennari hefur mörgum hlutverkum að gegna. Öðruvísi álag einkennir starf kennara í fámennum skóla. Veturinn einkenndist eins og svo oft áður af miklu annríki og mörgum verkefnum. Efla þarf lesskilning og vinna markvissara með hann í öllum greinum. Áhersla er lögð á að einstaklingar öðlist færni til að vinna saman og að hver og einn nýti hæfileika sína eins og kostur er (einstaklingsmiðun). Uppbyggingarstefnan var sett á oddinn á sl. skólaári. Starfsárið hófst á stóru uppbyggingar námskeiði fyrir kennara og sóttu stuðningfulltrúar einnig það námskeið. Til þessa að stefnan virki þarf að halda betur utan um verkefni sem hver námshópur á að fara í gegnum og halda vikulega bekkjarfundi. Nýta þarf samráð til að skipuleggja lotur í uppbyggingu og kennarar þurfa að segja frá sinni vinnu og hvetja hvern annan. Þurfum að vera með stefnuna sýnilegri þannig að allir viti að við erum uppbyggingarskóli. Næsta skóla ár væri gott að fá leiðtoga í uppbyggingu til að kynna stefnuna fyrir foreldrum og útbúa kynningu sem væri á heimasíðu skólans um stefnuna.

Helstu niðurstöður úr starfsmannaviðtölum: Samráð eiga kennarar að nýta til að stilla saman strengi og skipuleggja nám og kennslu. Velja tíma í lestrarátök, upplýsa hvern annan o.fl. í samráði skiptir máli að hver og einn kennari virði tíma hvers annars og mæti með það hugarfar að efla samstarf og nýta tíma vel. Upplýsingar þurfa að vera skýrar og samvinna góð. Mikilvægt að samráð sé skilvirkt og að starfsfólk sé undirbúið fyrir það. Skólastjóri þarf að skipuleggja samráð og fundi lengra fram í tímann.

Á foreldrafundi í október var farið yfir niðurstöður nemenda á elsta stigi „Hvað gerir góðan skóla góðan?“ Einnig voru kynnt fyrir foreldrum starfsmarkmið ársins en þau sneru að eftirfarandi þáttum

- Vaxandi hugarfar (leiðsagnarnám)
- Uppbyggingarstefnan
- Foreldra samstarf

Niðurstöður ársskýrslu fyrir síðasta skólaár voru kynntar og ræddar. Í lok fundar voru góðar umræður um svefntíma og skjátíma sem tengdar voru við líðan nemenda og sjálfstrausti.

Eftirfarandi áætlanir eru hafðar að leiðarljósi og styðja og styrkja starfsfólk og birtast þær einnig í starfsáætlun:

- Forvarnaráætlun
- Rýmingaráætlun
- Áfallaáætlun
- Eineltisáætlun
- Móttökuáætlun erlendra barna
- Jafnréttisáætlun
- Símenntunaráætlun

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

Nemendur voru í upphafi skólaárs 43 talsins. 44 í lok ársins.

Kennslan fór fram í þremur námshópum:

1.-4. bekkur mynduðu námshópin yngsta stig. Hópnum var að mestu skipt upp í 1.-2. bekk og 3.-4. bekk vegna fjölda og einstaklingsmiðunar. 5.–7. bekkur mynduðu hópinn miðstig. Á elsta stigi voru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Mikil samkensla er við skólann. Nánari upplýsingar um skiptingu eftir aldri og kyni má sjá í töflu hér fyrir neðan. 8 nemendur voru/eru tvítýngdir þ.e. með annað móðurmál en íslensku. Taflan hér að neðan sýnir skiptingu nemenda eftir kyni og aldri.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2017	1	1	2
2016	3	5	8
2015	1	1	2
2014	5	0	5
2013	2	0	2
2012	1	5	5
2011	4	1	5
2010	1	2	3
2009	3	3	6
2008	1	2	3
			44

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni í lok skólaárs

Forföll nemenda

Leyfisdögum hefur fjölgað mjög mikið og hafa kennarar rætt um ábyrgð foreldra gagnvart námi í leyfi og nauðsyn þess að allir séu upplýstir um ábyrgð sína.

Vegna fámennis og rekjanleika er ekki við hæfi að birta tölulegar upplýsingar um veikindi og leyfi. Allar skráningar eru til í kerfi skólans (mentor).

Skólanum var aldrei lokað vegna veðurs á þessu skólaári.

Forföll kennara

Stöðugildi: Við skólann starfa 11 starfsmenn, 7 kennarar, 1 stjórnandi og 2 skólaliðar (1,8 stöðugildi) sem sinna einnig stuðning í bekk, húsvörslu og þrif. Námsráðgjafi í 0,12 og stuðningsfulltrúi í 0,75. Skólabílstjóri er í tæpu 30% stöðugildi með vinnustyttingu (9,41 stöðugildi).

Forföll eru greidd vegna veikinda, leyfa og annarra verkefna.

Vegna fámennis eru tölulegar upplýsingar ekki birtar í þessari skýrslu, allar upplýsingar til skráðar í viðverukerfi sveitarfélagsins. Töluvert var um langtímaveikindi í vetur.

Kennslustundamagn

Skólanum voru úthlutaðar 145 kennslustundir. Úthlutun miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá. Inn í þessum tímafjölda eru einnig tímar fyrir sérkennslu, stuðning og nýbúafræðslu. Skipti tímar í stundatöflum nemenda á yngsta stigi og miðstigi voru 12.

Upplýsingar um keypta þjónustu

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi skimanir og greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Annar vetur sem þjónusta talmeinafræðings frá Tröppu var nýtt, það gekk vonum frammar og vonumst við til að sú þjónusta haldi áfram næsta vetur. Sólveig Norðfjörð kom að málum og faglegum stuðningi og hóf undirbúning fyrir frekari innleiðingu á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.

Upplýsingar um sjálfsmat

Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.


Grunnskólinn á Þingeyri tók þátt í nemenda-, og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Og byggist sjálfsmat skólans á niðurstöðum þeirra kannana ásamt fjórum greinum gæðagreinis sem er innra matskerfi. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með

næsta skólaári. Skólinn var tekinn út í ytra mati Menntamálstofnunar í lok mars árið 2019. Framvinduskýrslu um umbætur var skilað í mars 2021 og aftur í mars 2022. Lokaskýrslu var skilað í júní 2024. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur farið yfir framkvæmd umbótaáætlunar fram til loka skólaárs 2023-2024. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að skólinn hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar ytra matsins. Telur ráðuneytið ekki ástæðu til að kalla eftir frekari framvinduskýrslum frá skólanum. Niðurstöður þessa mats munu áfram vera leiðarljós og nýtt ásamt niðurstöðum innra mats við markmiða setningu og eflingu fagmennsku.

Nám og kennsla

Samkvæmt niðurstöðum Lesferils ná 65% nemenda viðmiðum 1-3 í lestri (bæting 8% á milli ára). Talnalykill var lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar. Stærðfræðikennarar rýndu í niðurstöður og í framhaldi af því var unnið með niðurstöður til frekari framgangs. Lesskimun í LOGOS er lögð fyrir alla nemendur í 3. bekk. Vegna fámennis getum við ekki birt niðurstöður úr þeirri skimun.

Á mynd hér fyrir neðan má sjá niðurstöður Lesferils í maí 2023 og maí 2024. Um þriðjungur nemenda er undir viðmiði 1 sem er töluvert undir markmiðum. Fjöldi barna sem nær viðmiði 1 eykst aðeins sem er jákvætt. Niðurstöður sýna okkur að um þriðjungur barna á við lesvanda að stríða. Skólinn leggur ekki áherslu á að lesa hratt og Lesfimi er gott tæki til að mæla árangur í lestri.



Lesfimi niðurstöður milli ára sýna svipaðar niðurstöður

Gæðagreinar

Gæðagreinar er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu How good is our school. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, How good is our school 3, the journey to excellence, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá

Gæðagreinar 2. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, sú útgáfa kallast How good is our school, 4. Starfsfólk Fræðsluskrifstofa Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni og gaf út íslensku þýðinguna „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ sem grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota og notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2023-2024

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008).

Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir. Skólarnir hafa einnig ákveðið að nota matskerfið Gæðagreina til að meta fjölmarga þætti í starfi sínu.



Nemendapíng 202

		Matstæki	Meginspurningar
B	Starfsáætlun	Viðmið í aðalnámskrá	Uppfyllir starfsáætlun viðmið aðalnámskrár? Er starfsáætlun lýsandi fyrir skólastarfið?
C	Nám, námsárangur og námsmat	Lesferill, samræmd próf, gæðagreinir, 3.1 Talnalykill, LOGOS	Eru framfarir nemenda í takti við landsmeðaltal? Eiga allir nemendur samtal um tilgang náms og framfarir við starfsfólk skólans? Íhuga kennarar námsframvindu nemenda reglulega?
D	Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	Skólapúls, gæðagreinir 3.1, tengslakannanir	Hvernig líður nemendum í skólanum? Hvað einkennir samskipti nemenda?
F	Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi og samskipti	starfsmannasamtöl, starfsmannakönnun Skólapúlsins	Hvernig líður starfsmönnum á vinnustaðnum, hafa þeir tækifæri til að þróa starf sitt?
H	Viðmót og menning skóla, jafnrétti	Gæðagreinir 3.1, Skólapúls	Hvernig lýsir áhersla á velferð og jafnrétti sér í skólastarfinu?

K	Ytri tengsl, tengsl við önnur skólastig, tengsl við nærsamfélagið	Gæðagreinir 2.7, Skólapúls, foreldrafundir	Tengjumst við öðrum skólum í okkar umhverfi? Hversu vel nýtum við umhverfi okkar til að efla tilfinningu nemenda fyrir því að þeir tilheyri samfélagi?
---	---	--	---

Gæðagreinar

Á yfirstandandi skólaári var unnið með sömu fjóra gæðagreina og skólaárið 2022-23 vegna tímaskorts og fjölda annarra verkefna á borð við innleiðingu á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Vinnan fór þannig fram að starfsmönnum var skipt í 2 hópa og ræddi hvor hópur fyrir sig um sameiginlega einkunnagjöf fyrir hvern matsþátt. Slíkt verklag leiðir til mats byggðu á rökstuðningi sem allir starfsmenn skilja. Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf hópanna við hverja spurningu. Með þessari vinnu erum við að efla innra mat skólastarfsins.

Yfirlit gæðagreina sem svarað var á skólaárinu.

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
1.3. Starfáætlun (breytingastjórnun)	4
2.2 Skólanámskrá	3
1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	4,5
3.3 Sköpun og starfshæfni	3,5

2.2 Skólanámskrá

Sterkar hliðar: Metnaðarfullt starfsfólk sem hefur miklar væntingar til nemenda. Útinám á yngsta stigi.

Veikar hliðar: Endurmeta þarf skólanámskrá og kynna með hagsmunar aðilum og kynna fyrir starfsfólki og foreldrum.

Mikilvægast er að efla útinám á öllum stigum. Vinna markvissa vinnu að endurvinnna skólanámskrá og kynna hana reglulega fyrir starfsfólki. Starfsfólk þarf einnig sjálft að kynna sér skólanámskrá og gagnrýna ef einhverju er ábótavant. Mikilvægt að þróa kennsluhætti og skólastarf til framtíðar.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreiini var 3.

Niðurstöður: Uppfæra skólanámskrá og kynna breytingar fyrir hagsmunaaðilum.

1.3 Breytingastjórnun

Sterkar hliðar: Svigrúm til sköpunar, nýbreytni og símenntunar. Starfsfólk hefur væntingar og vill vinna að úrbótum. Leiðsagnarnám.

Veikar hliðar: Við nýtum ekki nógu markvisst nýja þekkingu, þurfum að vera markvissari. Leiðsagnarnám (innleiðing enn í gangi).

Mikilvægast er að: Nýta betur nýja þekkingu, vera markvissari. Skýrari stefnu um það hvenær við hefjum innleiðingu að úrbótum og hvenær henni er lokið. Hvatning og sveigjanleiki til símenntunar fyrir allt starfsfólk.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreiini var 4.

Niðurstöður: Vinna meira með umbótaáætlun og upplýsa um stöðu hvers þáttar og ábyrgð. Reglulega yfir skólaárið.

1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Sterkar hliðar: Aðgengi, virðing fyrir starfinu og jafnrétti.

Veikar hliðar: Stuðningur og fræðsla fyrir nýtt starfsfólk mætti vera markvissara. Ekki nægilegt aðgengi að sérfræðingum. Hagsmunaaðilar þurfa að hafa sömu sýn og gildi.

Mikilvægast er að: hafa gott aðgengi að yfirmanni, finna fyrir stuðningi og samvinnu.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreiini var 4,5.

Niðurstöður: Styðja vel við nýtt starfsfólk, benda því á efni og hvar hægt sé að finna upplýsingar. Nýta tilvísarnir og funda ef sérfræðiaðstoð vantar. Nýta samráð til að upplýsa um mikilvæga þætti. Stjórnandi þarf að hvetja og sýna öllum hvar upplýsingar liggja. Ræða þarf sýn og gildi og velja og ræða leiðir til úrbóta.

3.3 Sköpun og starfshæfni

Sterkar hliðar: Skapandi hugarfar nemenda og starfsfólks. Starfsfólk ýtir undir sköpun nemenda.

Veikar hliðar: Nýta betur tækninýjungar í skapandi skilum. Gefa nemendum tækifæri til að efla fagþekkingu og notkun tæknilausna. Fjölbreyttari kennsluaðferðir.

Mikilvægast er að: Huga að samfelli í námskrá í upplýsingatækni.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreiðni var 3,5.

Niðurstöður: Þróun á skapandi og gagnrýnni hugsun. Efla stafræna færni til framtíðar bæði er varðar nám og starf. Aukning á möguleikum á skapandi skilum. Hugmynd að eldri nemendur kenni tækninýjungar og deili hugmyndum til yngri nemenda (valgrein).

Leiðsagnarnám

Starfsfólk skólans setti niður á blað hver fyrir sig svör við eftirfarandi spurningum þegar markmið leiðsagnarnáms voru sett niður. Markmið skólans með leiðsagnarnámi eru:

Hvað viljum við að einkenni námsmenningu skólans?

Við viljum að öllum nemendum (og kennurum líka) líði vel, að þeir viti og skilji hvað og til hvers þeir eru að læra, að þrautseigja og metnaður eflist.

Starfsmarkmið er alltaf að bæta námsárangur. Það er ekki eitthvað sem lýkur eftir 2 – 3 ár. Leiðsagnarnámið er sú leið að því markmiði sem við ætlum að fara.

- Fagmennska kennara er nr. 1 í “okkar húsi” við verðum að hafa trú á okkur sjálfum til að það virki.
 - Vaxandi hugarfar er forsenda fyrir því að vilja, geta og ætla.
 - Þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum til að foreldrar geti séð fyrir sér að vaxandi hugarfar sé jafn mikil snilld og okkur finnst það vera.
 - Það leiðir af sér meiri væntingar til barnanna sem eflir þau í frekara námi.
1. Að setja skýrari markmið sem efla námsmenninguna okkar með því að efla innri námshvötina, þannig að bæði nemendur og foreldrar geri sér betur grein fyrir og viti til hvers er ætlast í náminu.
 2. Vinna að skipulagi sem styðji við skýrari viðmið í allri kennslu.
 3. Að tileinka sér “orðfæri” með því að virkja alla foreldra til að spyrja börn sín hvað þau hafi lært þann daginn/dagana. Með því deilist líka betur ábyrgð á námi milli heimila og skóla. Gæta að því að allir starfsmenn skilji niðurstöður námsmats á “svipaðan hátt”
 4. Að vinna sameiginlega að skilgreiningunni “ Hvað einkennir góðan kennara” Fá nemendur með okkur í þá skilgreiningu, t.d. sem vinnu á nemandapingi.

Skýrsla námsráðgjafa

Miðvikudagar voru líkt og síðustu vetur Þingeyrardagar, á móti Flateyri. Að meðaltali 6 klukkustundir. Það hefur gefist nokkuð vel.

Verkefnin voru af ýmsum toga, en öll lutu þau að velferð nemendanna. Einstaklingsviðtöl voru tekin við alla nemendur skólans. Og síðan eftir þörfum. Yfirleitt voru það þá umsjónarkennarar sem báðu um það, eða þau báðu um það sjálf. Foreldrar báðu einnig um að ég talaði við þeirra börn.

Í vetur voru þrír „fasta kúnnar“ hjá mér, en nokkrir „undir smásjá“ og teknir í viðtal þegar þurfa þótti. Þeir voru á öllum stigum. Nemandi á unglingastigi sem hefði þurft að koma í regluleg viðtöl vegna vanlíðanar og erfiðleika, neitaði aðstoð frá mér.

Tengslakannanir voru lagðar fyrir nemendur á öllum stigum og unnið úr þeim. Umsjónarkennarar fengu þær síðan áfram til frekari úrvinnslu ef þörf þótti.

CDI- skimun (fyrir kvíða og þunglyndi) var lögð fyrir 9. blekkingana og skiluðu allir foreldrar undirrituðu samþykki. Hún kom sæmilega út. Ekki þörf fyrir frekari vinnu, þó var rætt við 3 nemendur til að fá aðeins betri útskýringar og rætt við foreldri í kjölfarið.

Áhugakönnunin Bendill var lögð fyrir 10. bekkinn og í kjölfarið rætt um framhaldsskóla, forinnritun, inntökuskilyrði o.fl. Farið var á „Opið hús“ í MÍ með 10. bekk, en slíkt fyrirkomulag heppnaðist afar vel. Einnig komu Erna Sigrún náms- og starfsráðgjafi í MÍ, Heiðrún skólameistari og 2 nemendur frá MÍ í heimsókn og hittu unglingastigið til að kynna starfsemi MÍ. Það mæltist mjög vel fyrir og þegar við fórum svo í heimsóknina, voru þau vel undirbúin.

Engin formleg náms- og starfsfræðsla var á dagskrá – en ég hitti 10. bekkinn nokkrum sinnum til að fara yfir inntökuskilyrði o.fl. í framhaldsskólum.

Ég sat nokkra teymisfundi vegna nemenda sem eru í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna – og sat líka nemendaverndarráðsfund.

Ég tók líka að mér sjúkrakennslu hjá nemanda á miðstigi sem er langveikur og fór heim til hans tvisvar í viku frá páskum og fram til vors. Þar náðum við bæði að spjalla svolítið og vinna í íslensku og stærðfræði.

Rætt var við foreldra bæði augliti til auglitis og í síma, gott að sjá að foreldrar eru farnir að líta á starf náms- og starfsráðgjafa sem nauðsynlegan þátt í stoðþjónustunni.

Skimanir og greiningar hafa verið á minni könnu (ekki sem náms- og starfsráðgjafa, heldur sér verkefni fyrir Ísafjarðarbæ) og var sá tími vel nýttur. Ég tók LOGOS skimanir á 3. bekk og einnig öllum í 6. bekk og í kjölfarið tók ég 3 fullar greiningar á þeim og 1 í 8. bekk. Ég tók einnig Talnlaykilsskimun á 3. og 6. bekk.

Líkt og fyrri ár, má sjá að starf náms- og starfsráðgjafa er fjölbreytt og mikilvæg þjónusta sem nemendur eru duglegir að nýta sér. Mjög mikilvægt er að þeir viti að á þá er hlustað og erindi

þeirra tekin alvarlega. Allflestir nemendur á mið- og unglingastigi hafa fengið afhentan blöðung um starfsemi og hlutverk náms- og starfsráðgjafa, því það er einnig gott fyrir foreldra að gera sér grein fyrir því að þeir geta komið með ábendingar og áhyggjumál af sínum börnum til náms- og starfsráðgjafa. Þetta starf er í stöðugri þróun og foreldrar hafa í auknum mæli nýtt sér það – ýmist beint eða í gegnum skólann. Þörfin er því brýn áfram fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Ísafjarðarbæjar – og vert er að minna á það að samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum.

Það liggur þó fyrir að eitthvað þarf að stokka upp fyrir næsta vetur, þar sem ég verð að vinna á Ísafirði og spurning hvað ég get verið oft hér sem NSR. Tíminn þarf að leiða það í ljós.

Þingeyri, 22. maí 2024
Jónína Hrönn Símonardóttir MA í
náms- og starfsráðgjöf.



Frá vordeginum 2024

Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir

Bæta þarf viðhald á öllu húsnæðinu bæði innan og utan dyra. Þak lekur í miðju rými sem tengir Þinghús og „nýju“ byggingu saman. Starfsmannarými voru máluð árið 2018 og bætti mjög loftgæði þar sem gamalt veggfóður var á veggjum ásamt því að ný salernisaðstaða var gerð fyrir starfsmenn í gamla kjallaranum. Huga þarf áfram að lokuðum skápum í mynd,- og handmenntastofu þar sem vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við núverandi aðbúnað. Skólalóðin er í nokkuð góðum málum fyrir utan illgresi og þess háttar, snyrtingu hefur verið ábótavant en ekki hefur verið vinnuskóli í þorpinu sem heitið getur til að sinna þessum verkefnum. Huga þarf að málun útleiktækja næsta sumar og laga girðingu við sparkvöll.

Það þarf að huga betur að „andliti“ skólans og gera umhverfið fyrir framan skólann huggulegra og í leiðinni snyrtilegra ásamt því að komið er að því að skólinn verði málaður að utan. Snyrtilegra aðgengi dregur úr viðhaldi og þrifum innan dyra. Nánari upplýsingar um viðhald og endurnýjun má sjá í töflu: hér á næstu síðu.

	Verk /viðhaldsvinna	Skýring	Annað/forgangur
1.	Gólf – bónvinna skipulögð	Það þarf að fara huga að því að leggja nýjan gólfduk á sal, nemendaeldhúsi, bókasafni. Gólfdukur ónýtur á stöku stað.	Forgangur 1
2.	Útihurðir	Útihurðir farnar að vinda sig og eru óþéttar. Myndi spara hitakostnað að laga þær.	Forgangur 2
3.	Skóli málaður að utan Athuga þarf klæðningu á þinghúsi	Gluggar, þak-kantur og steypdur grunnur þarf að mála til að viðhalda	Forgangur 3
4.	Bæta umhverfi skólans, sérstaklega að framanverðu.	Ganga frá svæði við aðal inngang og hellur (blómaker komið).	Forgangur 4
5.	Skóli málaður að innan	Þinghús og anddyri, salur og heimastofa elsta stigs.	Forgangur 5
6.	Úrbætur á skólalóð, viðhald (bera á tréverk)	Málningarvinna, festa tréverk á sparkvelli betur (búið að laga mörkin).	Forgangur 6
7.	Veggskápar í handavinnustofu	Vinnueftirlit vill að efni og garn sé í lokuðum skápum í stað opinna hillna. Léttara andrúmsloft ástæða.	Forgangur 7
8.	Gardínur	Setja þarf gardínur í heimilisfræðistofu og á elsta stigi vegna sólar og hita. Athuga með smíðastofu	Forgangur 8
9.	Vifta í heimilisfræðiaðstöðu	Viftu vantar í eldhús til þess að bæta loftgæði, sérstaklega þegar kennsla á sér stað	Forgangur 9
10.	Þinghús-félagsmiðstöð	Gera huggulegt, mála endurnýja húsgögn og laga rafmagn og lýsingu	Forgangur 10

Endurnýjun, viðbót vegna kennslu
Náttúrufræðiskáp á hjólum
Gúmmí sessur/kúluboltastólar og kollur f. nemendur
Hækkanleg borð til að geta staðið við vinnu 3 stk. T.d. til að vinna við spjaldtölvu og fl.
Sófi í félagsmiðstöð
Gardínur í smíðastofu
Gardínur í heimilisfræðistofu

Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Lögð var áhersla á í síðustu ársskýrslu að nauðsynlegt væri að fara í fjárfestingar á almennu viðhaldi skólahúsnæðis. Unnið er að því að endurnýja allar útidyrhurðir og skipta út gleri og laga glugga. Mikil þörf er á málningarvinnu sérstaklega utandyra til að hlífa og verja glugga. Mjög mikilvægt að gluggar og tréverk fái málningu sem fyrst. Búið er að skipta um þak á millibyggingu og festa niður þakplötur sem voru farnar að losna á „nýja“ enda skólans. Þakkantar og þakrennur voru lagaðar í vetur.

Huga þarf áfram að endurnýjun húsgagna, hirslur á nemendasvæði og stillanleg borð á vinnuherbergi kennara.

Fjárhagsáætlun

Staða fjárhags er góð og rímar við fjárhagsáætlun.

Staða fjárhags 25. júní 2024:

Hreyfing: 63.680.153 kr. **Áætlun:** 66.527.502 kr. **Mismunur:** 2.847.349 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 127. starfsári Grunnskólans á Pingeyri. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarfið skólaárið 2023-2024.

Erna Höskuldsdóttir, skólastjóri.